



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2025

2505001SU BG
Málalýkill: 40.21

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald nr. 145/2018, 351. mál.

Aðildarsveitarfélög Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga eru 26 sveitarfélög af 62 sveitarfélögum á Íslandi. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga vinna í þágu sveitarfélaga og íbúa þeirra – í þágu almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna. Málflutningur samtakanna og upplýsingamiðlun til þingmanna og ráðherra hefur endurspeglad þessa staðreynd.

Athugasemdir við efnisatriði greinargerðar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera þrjár meginathugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld og efnisatriði greinargerðar þess:

1. Ófullnægjandi greining á áhrifum á byggðalög

Í greinargerðinni kemur fram að tvöföldun veiðigjalda „muni hafa óveruleg áhrif á þau byggðarlög þar sem sjávarútvegsfyrirtæki eru staðsett“. Jafnframt kemur fram að tölur sem fram koma í greinargerðinni séu birtar með þeim fyrirvara „að þær byggjast á upplýsingum um hvar greiðendur veiðigjalds eru með heimilisfesti og endurspeglar... því ekki nákvæmlega hvar starfsemi greiðenda veiðigjalds fer fram eða hvar starfsfólk fyrirtækja sem greiða veiðigjald er með skráð lögheimili og greiðir útsvar“.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera alvarlega athugasemd við þetta og leggja áherslu á nauðsyn þess að greina hvar starfsemi greiðenda veiðigjalds fer fram og hvar starfsfólk þeirra fyrirtækja er með skráð lögheimili og greiðir sitt útsvar. Eingöngu með þeim hætti er hægt að átta sig á raunverulegum áhrifum tvöföldunar veiðigjalda. Greining sem KPMG hefur unnið fyrir Samtök sjávarútvegssveitarfélaga sýnir vel fram á að hækkun veiðigjalda getur haft afdrifarík áhrif á einstaka byggðakjarna.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga fengu KPMG til að greina áhrif á byggðarlög þar sem horft er á hvar raunverulega starfsemi fyrirtækja fer fram í stað heimilisfesti eingöngu. Við þá vinnu kom í ljós að villur voru í útreikningi og framsetningu ráðuneytisins, auk þess sem greiningar þess eru mjög takmarkaðar. Sem dæmi má nefna að Gjögur hf., sem er með lögheimili á Grenivík, er skráð sem fyrirtæki í Reykjavík í gögnum ráðuneytisins, þar sem pósthöfuð þeirra er. Þar af leiðandi endurspeglar greining ráðuneytisins ekki rétt áhrif á hækkun veiðigjalda á Grenivík. Einnig er í gögnum ráðuneytisins ýmist miðað við slægðan afla eða óslægðan afla í útreikningum á hækkun veiðigjalda á fyrirtæki. Í lögum um veiðigjald kemur hins vegar skýrt fram í 1. mgr. 5. gr. að reikna skal til króna á kílógramm landaðs óslægðs afla. Allir útreikningar KPMG miða við óslægðan afla.

Meðfylgjandi er greining KPMG sem styður við fullyrðingar samtakanna um að það hefur ekki farið fram nægilega vönduð greining á áhrifum hækkunar veiðigjalda á sveitarfélög og einstaka byggðakjarna.

2. Lagasetning sem getur leitt til hagræðingar og/eða samþjöppunar

Jafnframt kemur fram í greinargerð frumvarpsins að komi til þess að einstakir greiðendur veiðigjalda taki ákvörðun um breytingar í rekstri sínum sem kunni að leiða til fækkunar starfa, sem þar af leiðandi skilar sér í lægra útsvari til sveitarfélaga, „þá verður að telja að slík ákvörðun sé ávallt byggð á viðskiptalegum grunni, en ekki vegna breytinga á viðmiði við útreikning reiknistofns að baki veiðigjaldi“.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera athugasemdir við þessa fullyrðingu og benda á að krafa um aukna hagræðingu og framlegð hefur áður haft afgerandi áhrif á fjölda starfa í veiðum og vinnslu og þ.a.l. á íbúafjölda og afkomu sjávarútvegssveitarfélaga. Líkur eru á að boðuð hækkun veiðigjalda geti leitt til hagræðingar og/eða samþjöppunar aflaheimilda sem getur haft bein áhrif á byggðapróun. Vísað er til greiningar KPMG þessu til stuðnings.

3. Ófullnægjandi greining á áhrifum lagasetningar á jafnrétti kynjanna.

Í mati á jafnréttisáhrifum frumvarpsins kemur fram að ekki sé talið að það hafi mælanleg áhrif á jafnrétti kynjanna og að ekki verði farið í rannsóknir til að afla slíkra gagna.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera athugasemd við þennan skort á greiningu þar sem fyrir liggur að stór hluti starfa í fiskvinnslu á Íslandi er unninn af konum, mörgum hverjum af erlendum uppruna. Ljóst er að greina þarf möguleg áhrif afleiðinga frumvarpsins á störf við fiskvinnslu á Íslandi og jafnrétti kynjanna.

Tillögur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga ítreka möguleg áhrif tvöföldunar veiðigjalda á byggðir vítt og breytt um landið, þ.e. að þau geta grafið undan rekstrarhæfni útgerða í brothættum byggðum; leitt til fækkunar starfa, minni umsvifa og byggðaröskunar; leitt til þess að sveitarfélög missi útsvarstekjur, hafnargjöld, væntanleg fasteignagjöld og finni fyrir auknum félagslegum þrýstingi; ásamt því að hafa þannig áhrif langt út fyrir útgerðina sjálfa og snerta samfélög í heild sinni og umhverfi þeirra.

Farið sé í vandaða greiningu á áhrifum hækkunar veiðigjalda á byggðalög

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga leggja því til að ítarleg greining fari fram á raunverulegum áhrifum hækkunar veiðigjalda á einstök byggðarlög, sveitarfélög og landshluta (sundurliðað á kjördæmi), áður en þinglegri meðferð frumvarpsins lýkur. Einnig að unnin verði sérstök greining á áhrifum hækkaðra veiðigjalda á lítil og meðalstór fyrirtæki því líkur eru á að talsverður fjöldi slíkra fyrirtækja verði fyrir verulegum áhrifum af boðuðum breytingum, svo miklum að það ógni tilvistargrundvelli margra þeirra.

Hækkun veiðigjalda verði tekin í skrefum

Jafnframt leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga til að frumvarpinu verði breytt í þá veru að stigin verði minni skref í átt til hækkunar veiðigjalda og þau tekin yfir lengri tíma. Það dregur úr líkum á skyndilegri röskun á atvinnulífi og tekjugrunni sveitarfélaga, eykur fyrirsjáanleika og gefur sveitarfélögum og fyrirtækjum svigrúm til að greina áhrifin og aðlagast og minnkar hættu á samdrætti og fækkun starfa með tilheyrandi afleiðingum á byggðafestu.

Að lokum

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga óska að lokum eftir góðri samvinnu og samtölum við þingmenn og ráðherra um breytingar á frumvarpinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, þar sem fram kemur að ríkisstjórnin ætli sér að bæta samskipti ríkis og sveitarfélaga og treysta stoðir hinna dreifðu byggða. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga eru reiðubúin í náðið og gott samstarf til að ná því verðuga markmiði fram.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Íris Róbertsdóttir
formaður stjórnar og bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Sigfús Ingi Sigfússon
Varaformaður stjórnar og sveitarstjóri Skagafjarðar

Fannar Jónasson,
Stjórnarmaður og bæjarstjóri Grindavíkurbæjar

Gerður Björk Sveinsdóttir,
Stjórnarmaður og bæjarstjóri Vesturbyggðar

Jón Björn Hákonarsson,
Stjórnarmaður og forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,
Varamaður í stjórn og sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Heimir Örn Árnason
Varamaður í stjórn og formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

Sigurjón Andrésson
Varamaður í stjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Fylgiskjöl:

1. Greining KPMG
2. Kynning Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga á umsögn samtakanna

Samtök sjávarútvegs- sveitarfélaga

Samantekt gagna vegna umsagnar um frumvarp
um breytingu á lögum um veiðigjöld

Ráðgjafarsvið KPMG

—

23. maí, 2025

Fyrirvari

Hlutverk KPMG er að taka saman gögn og upplýsingar sem nýtast Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga við gerð umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á veiðigjöldum.

KPMG hefur ekki aðkomu að gerð umsagnarinnar að öðru leyti og ber ekki ábyrgð á henni.

Greiningin byggir á opinberum gögnum úr frumvarpinu, frá Fiskistofu og Hagstofu Íslands.

Dæmi um áhrif á einstök sveitarfélög, eða fyrirtæki innan sveitarfélaga byggja alfarið á gögnum frá sveitarfélögunum sjálfum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni samantektarinnar á grundvelli upplýsinga sem síðar kunna að koma fram.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna samantektarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli hennar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.

Vænt hækkun samtals um 7,9 ma.kr.

Vænt hækkun veiðigjalda m.t.t. frítekjumarka er um 7,9 ma.kr.


Um 90% af hækkuninni fellur á fyrirtæki með heimilisfesti í 8 sveitarfélögum.

Áhrifanna gætir þó víðar. Nokkur fyrirtæki eru t.d. skráð á höfuðborgarsvæðinu en eru með stóran hluta starfsemi sinnar í öðrum sveitarfélögum.

Sömu sögu má segja um félög sem skráð eru í Vestmannaeyjabæ og Akureyrarkaupstað, sem eru með starfsemi í öðrum sveitarfélögum.

Fram hafa komið ábendingar um að hækkun veiðigjalda einstakra tegunda kunni að vera vanmetin. Tekið skal fram að hér er m.v. auglýst og birt veiðigjald í frumvarpi.

Hækkun veiðigjalda eftir heimilisfesti fyrirtækja í m.kr.



Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórnartíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld)


Hækkun veiðigjalda eftir kjördæmum

37%


Af hækkunin leggst á fyrirtæki skráð með heimilisfesti í Suðurlkjördæmi og 33% af hækkuninni leggst á fyrirtæki skráð með heimilisfesti í Norðausturkjördæmi. Áhrifin geta þó birst í öðrum kjördæmum vegna þess að starfsemi fyrirtækis getur verið í öðru kjördæmi en heimilisfesti þess.

Hækkun veiðigjalda eftir kjördæmum

Í ma.kr.



Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórnartíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld)



Hækkun veiðigjalda eftir heimilisfesti segir ekki alla söguna

Vopnafjarðarhreppur er dæmi um sveitarfélag þar sem áhrif vegna hækkana birtast ekki í tölum frumvarpsins.

Brim hf. er með umfangsmikla starfsemi í Vopnafirði en félagið er með heimilisfesti í Reykjavík. Áhrif af hækkun veiðigjalda í sveitarfélaginu geta því orðið mun hærri en reiknaðar tölur sýna og áhrifin á sveitarfélagið geta orðið talsverð ef störfum fækkar og dregið verður úr fjárfestingum.

- Um 105 manns starfa við fiskveiðar og fiskvinnslu í sveitarfélaginu árið 2024
- 90% landaðs afla eru uppsjávarfisktegundir
- Áform Brims hf. um 8-12 ma.kr. fjárfestingu eru í biðstöðu vegna m.a. hækkun veiðigjalda
- Fjárfesting sveitarfélagsins í stækkun hafnar í hættu

36,5%

Af staðgreiðsluskyldum launagreiðslum eru vegna fiskveiða og fiskvinnslu í sveitarfélaginu.

15,3%

Af fasteignagjöldum sveitarfélags
eru vegna eins
sjávarútvegsfyrirtækis (Brim hf.)

Athuga skal að upplýsingar um hlutfall landaðs afla, áform Brims og hlutdeild fasteignagjalda byggir á upplýsingum frá sveitarfélaginu og hafa ekki verið staðfestar af KPMG.

Raunveruleg hækkun veiðigjalda

	Vopnafjarðarhreppur	Langanesbyggð	Grýtubakkahreppur
 Hlutdeild sjávarútvegs í staðgreiðsluskyldum launagreiðslum	36,5%	44,2%	39,7%
 Reiknuð hækkun veiðigjalda eftir heimilisfesti útgerðar	3 m.kr.	14 m.kr.	50 m.kr.
 Raunveruleg hækkun veiðigjalda (eftir starfsemi)	500 m.kr.*	212 m.kr.*	230 m.kr.*
 Hlutdeild sjávarútvegs af fasteignaskatti	≈ 15%	≈ 40%	n/a
 Fjárfestingar	• 8-12 ma.kr. fjárfesting Brims hf. í biðstöðu • Áform um stækkun hafnar í hættu	• Ísfélag hf. stækkaði vinnslu • 100 m.kr. fjárfesting frá sveitarfélaginu í höfnina	

* 50% hækkun veiðigjalda hjá Brimi hf. bætt við

* 25% af hækkun veiðigjalda hjá Ísfélagi hf. bætt við

* Hækkun veiðigjalda hjá Gjögri hf. bætt við

Ráðða öll fyrirtækin við þessa hækkun?

Og hvaða áhrif mun það síðan hafa á sveitarfélögin?

Það er ekki nóg að skoða bara meðaltalsáhrifin


141 fyrirtæki verða fyrir verulegum áhrifum af hækkun veiðigjalda.

Veruleg áhrif eru skilgreind þannig að veiðigjöld vegi 80% eða meira af meðalhagnaði félaganna 2020-2023.

Þessi 141 félög bera 12,2% af boðaðri hækkun veiðigjalda.

Fjöldi félaga eftir hlutfalli veiðigjalda af meðalhagnaði 2020-2023

Frá 0% - 200%



Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórnartíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld), Kóði (ársreikningar)




Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar sem munu fela í sér verulega neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem greiða veiðigjald og hafi þau áhrif að útsvarstekjur sveitarfélaga lækki sem hafi svo neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga eða útgjöld þeirra.”

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018.

Hækkun veiðigjalda getur haft veruleg áhrif á fjölda fyrirtækja og þ.a.l. á sveitarfélög sem reiða sig á starfsemi þessara fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja sem verða fyrir verulegum* áhrifum



141 fyrirtæki verða fyrir verulegum áhrifum


Í nýju fyrirkomulagi hefðu veiðigjöld 2024 verið 80% eða meira af meðalhagnaði 2020-2023.

*Veruleg áhrif: Nýtt veiðigjald jafngildir 80% eða meira af meðalhagnaði 2020-2023

Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórnartíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld), Kóði (ársreikningar)

Snæfellsbær: 186 m.kr. hækkun veiðigjalda

Fjöldi fyrirtækja sem verða fyrir verulegum* áhrifum




6 fyrirtæki sem verða fyrir verulegum áhrifum

Hlutfall fyrirtækja í sveitarfélaginu sem verða fyrir verulegum áhrifum




Hlutfall sjávarútvegs í staðgreiðsluskyldum launagreiðslum



6 fyrirtæki sem verða fyrir verulegum áhrifum bera ábyrgð á helmingnum af hækkun veiðigjalda í sveitarfélaginu


Suðurnesjabær: 242 m.kr. hækkun veiðigjalda

Fjöldi fyrirtækja sem verða fyrir verulegum* áhrifum




2 fyrirtæki sem verða fyrir verulegum áhrifum

Hlutfall fyrirtækja sem verða fyrir verulegum áhrifum



Hlutfall sjávarútvegs í staðgreiðsluskyldum launagreiðslum



2 fyrirtæki sem verða fyrir verulegum áhrifum bera ábyrgð á nánast allri hækkun veiðigjalda í sveitarfélaginu



Komi til þess að einstakir greiðendur veiðigjalda taki ákvörðun um breytingar í rekstri sínum sem kunni að leiða til fækkunar starfa, sem þar af leiðandi skilar sér í lægra útsvari til sveitarfélaga, þá verður að telja að slík ákvörðun sé ávallt byggð á viðskiptalegum grunni, en ekki vegna breytinga á viðmiði við útreikning reiknistofns að baki veiðigjaldi.”

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018.

Ýmsar vísbendingar um að hækkun veiðigjalda geti haft veruleg áhrif á fjárfestingar, umsvif sjávarútvegs, fjölda starfa og þar með skatttekjur einstakra sveitarfélaga.



Lægri tekjur

Hætt er við að útsvarstekjur og hafnargjöld einstakra sveitarfélaga dragist saman ef störfum fækkar eða samdráttur verður í lönduðum afla.



Framkvæmdir í biðstöðu

Hætt er við að fjárfestingar í hafnarmannvirkjum nýtist ekki ef umfang dregst saman, svo sem í Langanesbyggð.

Fjárfestingar í innviðum geta lent í biðstöðu, svo sem hafnarframkvæmdir á Vopnafirði.



Fjárfestingar í biðstöðu


Hætt er við að fjárfestingar í þróun og vinnslu frestist, eða leggist af. Svo sem áform Brims hf. um fjárfestingar á Vopnafirði.

Dæmi um áhrif vegna hækkunar frítekjumarks

Vegna þorsks

Veiða þarf um 315 tonn af þorski til þess að hækkað frítekjumark hafi áhrif

Áætluð veiðigjöld fyrir þorsk og afsláttur á móti hækkun veiðigjalda
Í m.kr. og %



Heimild: Frumvarp og greiningar KPMG


81% hækkun á veiðigjöldum þorsks ef veitt er minna en 315 tonn

Upp að um 315 tonnum hækka veiðigjöld um 81%.

Fyrir eina litla trillu sem veiðir einungis þorsk eru veiðigjöldin að nánast tvöfaldast. Fyrir hins vegar útgerð sem veiðir um 1.000 tonn af þorski þá er hækkunin um 25%.

Hækkun veiðigjalda er því hlutfallslega meiri á báta sem veiða minna en 315 tonn af þorski heldur en fyrir útgerð sem veiðir um 1.000 tonn af þorski.

Áætlað veiðigjöld fyrir þorsk og afsláttur á móti hækkun veiðigjalda
Í m.kr. og %



Heimild: Frumvarp og greiningar KPMG

Dæmi um smábát á Vesturlandi

Bátur sem stundar strandveiðar á Vesturlandi gerir ráð fyrir 81% hækkun veiðigjalda.

Veiðigjöldin fara úr 279 þús.kr. í 506 þús.kr.

Þessar tölur byggja á heimildum frá sveitarfélaginu Snæfellsbæ og hafa ekki verið staðfestar af KPMG.

Áhrif breyttra veiðigjalda vegna þorsks

	2024	2024 breytt veiðigjöld
Þorskur (kg.)	17.466	17.466
Veiðigjöld kr./kg.	26,66	48,24
Veiðigjöld fyrir afslátt	465.644	842.560
Afsláttur	40%	40%
Veiðigjöld	279.386	505.536

81%

Heimild: Snæfellsbær og greiningar KPMG



kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Samantekin umsögn um hækkun veiðigjalda

SAMTÖK
SJÁVARÚTVEGS
SVEITARFÉLAGA



Almannahagsmunir - ekki sérhagsmunir



- Aðildarsveitarfélög Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga eru 26 sveitarfélög af 62 sveitarfélögum á Íslandi. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga vinna í þágu sveitarfélaga og íbúa þeirra – í þágu almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna. Málflutningur samtakanna og upplýsingamiðlun til þingmanna og ráðherra hefur endurspeglað þessa staðreynd.

Ófullnægjandi greining á áhrifum á byggðarlög

Texti úr greinargerð

- ... muni hafa óveruleg áhrif á þau byggðarlög þar sem sjávarútvegsfyrirtæki eru **staðsett**.
- ... Framgreindar tölur eru birtar með þeim fyrirvara að þær byggjast á **upplýsingum um hvar greiðendur veiðigjalds eru með heimilisfesti** og endurspeglar tafla 25 því ekki nákvæmlega hvar starfsemi viðkomandi greiðenda veiðigjalds fer fram eða hvar starfsfólk fyrirtækja sem greiða veiðigjald er með skráð lögheimili og greiðir útsvar.

Athugasemdir samtakanna

- Nauðsynlegt er einmitt að greina hvar starfsemi greiðenda veiðigjalds fer fram og hvar starfsfólk er með skráð lögheimili og greiðir útsvar.
- Eingöngu þannig er hægt að átta sig á raunverulegum áhrifum.
- Líkt og greining KPMG sýnir fram á getur hækkun veiðigjalda haft afdrifarík áhrif á einstaka byggðakjarna.

Ófullnægjandi greining á áhrifum á byggðarlög

Texti úr greinargerð


Komi til þess að einstakir greiðendur veiðigjalda taki ákvörðun um breytingar í rekstri sínum sem kunni að leiða til fækkunar starfa, sem þar af leiðandi skilar sér í lægra útsvari til sveitarfélaga, þá verður að telja að slík **ákvörðun sé ávallt byggð á viðskiptalegum grunni**, en ekki vegna breytinga á viðmiði við útreikning reiknistofns að baki veiðigjaldi.

Athugasemdir samtakanna

- Krafa um aukna hagræðingu og framlegð hefur haft afgerandi áhrif á fjölda starfa í veiðum og vinnslu, og þá jafnframt á íbúafjölda og afkomu sjávarútvegssveitarfélaganna.
- Þessar breytingar hafa verið einn stærsti áhrifavaldur í byggðapróun undanfarna áratugi.
- Líkur eru á að hækkun veiðigjalda geti haft áhrif á byggðapróun líkt og aðrar breytingar í sjávarútvegi sem leiða til hagræðingar og/eða samþjöppunar.

Ófullnægjandi greining á áhrifum á byggðarlög

- Samtök sjávarútvegssveitarfélaga fengu KPMG til að greina áhrif á byggðarlög þar sem horft er á hvar raunveruleg starfsemi fyrirtækja fer fram í stað heimilisfesti eingöngu.
- Við þá vinnu komu fram ábendingar um villur í útreikningi og framsetningu ráðuneytisins, þar sem m.a. heimilisfesti fyrirtækja er rangt skráð og notast við slægðan afla í stað óslægðs afla við útreikninga.
- Greining KPMG staðfestir að hækkun veiðigjald getur haft mikil áhrif á einstaka byggðakjarna og að nauðsynlegt er að fara í ítarlegri og vandaðri greiningu á áhrifum hækkunar veiðigjalda á sveitarfélög og tiltekna byggðakjarna.




Lagasetning sem getur leitt til hagræðingar og/eða samþjöppunar



- a. Getur grafið undan rekstrarhæfni útgerða í brothættum byggðum
- b. Getur leit til færri starfa, minni umsvifa og byggðaröskunar
- c. Sveitarfélög geta misst útsvarstekjur, hafnargjöld, væntanleg fasteignagjöld og geta fundið fyrir auknum félagslegum þrýstingi
- d. Áhrif geta náð langt út fyrir útgerðina – snerta samfélög í heild og umhverfi þeirra

Margþættar breytingar - takmörkuð yfirsýn

- a. Ríkisstjórnin hefur kynnt fjölmargar breytingar á gjaldtöku, m.a. veiðigjöld, kolefnisgjald, gjöld á fiskeldi og kílómetragjald.
- b. Samanlagt geta þessar breytingar haft veruleg áhrif á byggðapróun, en óvissa ríkir um útfærslu ákveðinna gjalda
- c. Sveitarfélög eiga erfitt með að meta áhrifin – sérstaklega í ljósi skorts á greiningum og óvissu á heimsmarkaði



Mat á jafnréttisáhrifum skv. frumvarpinu

Texti úr greinargerð

- Í mati á jafnréttisáhrifum frumvarpsins kemur fram að ekki sé talið að það hafi mælanleg áhrif á jafnrétti kynjanna og að ekki verði farið í rannsóknir til að afla slíkra gagna.

Athugasemdir samtakanna

- Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera athugasemd við þennan skort á greiningu þar sem fyrir liggur að stór hluti starfa í fiskvinnslu á Íslandi er unninn af konum, mörgum hverjum af erlendum uppruna.
- Ljóst er að greina þarf möguleg áhrif afleiðinga frumvarpsins á störf við fiskvinnslu á Íslandi og jafnrétti kynjanna.

Samtökin leggja til:

Að farið sé í vandaða greiningu á áhrifum hækkunar veiðigjalda á byggðarlög

- Greina þarf raunveruleg áhrif hækkunar veiðigjalda á einstök byggðarlög, sveitarfélög og landshluta (sundurliðað á kjördæmi), áður en þinglegri meðferð frumvarpsins lýkur.
- Einnig að unnin verði sérstök greining á áhrifum hækkaðra veiðigjalda á lítil og meðalstór fyrirtæki því líkur eru á að talsverður fjöldi slíkra fyrirtækja verði fyrir verulegum áhrifum af boðuðum breytingum, svo miklum að það ógni tilvistargrundvelli margra þeirra.



Samtökin leggja til:

Að minni skref verði stigin

- Það dregur úr líkum á skyndilegri röskun á atvinnulífi og tekjugrunni sveitarfélaga
- Það gefur sveitarfélögum og fyrirtækjum **svigrúm til að aðlagast og greina áhrifin**
- Það minnkar hættu á samdrætti og fækkun starfa með tilheyrandi afleiðingum á byggðafestu
- Það stuðlar að **fyrirsjáanleika og stöðugleika í byggðamálum**
- Það er í samræmi við meginreglur góðrar stjórnsýslu og meðalhófs.



Bætt samskipti og samtal?



Stefnuyfirlýsing
ríkisstjórnar
Samfylkingar,
Viðreisnar og
Flokks fólksins

- Samkvæmt 19. lið stefnuyfirlýsingar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins ætlar ríkisstjórnin sér að **bæta samskipti ríkis og sveitarfélaga og treysta stoðir hinna dreifðu byggða.**
- Eru þessar aðgerðir sem hér eru nefndar í samræmi við það markmið?
- Samtök sjávarútvegssveitarfélaga eru reiðubúin í náið og gott samstarf til að ná því verðuga markmiði fram.